

## Umhverfis- og skipulagsráð

Ár 2017, miðvikudaginn 30. ágúst kl. 9.05, var haldinn 201. fundur umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Borgartúni 12 - 14, 7. hæð. Ráðssal

Viðstaddir voru: Hjálmar Sveinsson, Magnea Guðmundsdóttir, Sverrir Bollason, Halldór Halldórsson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, og Svafar Helgason áheyrnarfulltrúi. Eftirtaldir embættismenn sátu fundinn: Ólöf Örvarsdóttir, Örn Sigurðsson, Björn Axelsson, Ágústa Sveinbjörnsdóttir, Nikulás Úlfar Mátsson, Þorsteinn Hermannsson, Gunnar Már Jakobsson og Marta Grettisdóttir. Fundarritari er Erna Hrönn Geirsdóttir.

### Petta gerðist:

#### (D) Ýmis mál

1. Umhverfis- og skipulagsráð, starfsdagur umhverfis- og skipulagsráðs Mál nr. US170243

Starfsdagur umhverfis- og skipulagsráðs miðvikudaginn 30. ágúst 2017.

Árný Sigurðardóttir, Ámundi V. Brynjólfsson, Guðmundur B. Friðriksson. Hjalti J. Guðmundsson, Hreinn Ólafsson, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

#### (A) Skipulagsmál

2. Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerðir Mál nr. SN010070

Lögð fram fundargerð afgreiðslufundar skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, dags. 25. ágúst 2017.

3. Hólatorgsreitur, Sólvallagata 2, breyting á skilmálum deiliskipulags 560496-2739 Arkitektar Laugavegi 164 ehf., Laugavegi 164, 105 Reykjavík Mál nr. SN170605

Lögð fram umsókn Arkitekta Laugavegi 164 ehf., mótt. 14. ágúst 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Hólatorgsreits vegna lóðarinnar nr. 2 við Sólvallagötu. Í breytingunni felst að núverandi stærð hússins er leiðrétt í skilmálatöflu og nýtingarhlutfall er uppreiknað samkvæmt því, samkvæmt tillögu Arkitektar Laugavegi 164 ehf., dags. 14. ágúst 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. Fálkagötareitur vegna Þrastargötu 1 og 5, (01.55) Mál nr. SN170168  
breyting á deiliskipulagi

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju tillaga að breytingu á deiliskipulagi á Fálkagötareit 1.553/1.554.2 (hluti) vegna Þrastargötu 1 og 5, samkvæmt uppdrætti ARKHD, dags. 17.mars 2017. Tillagan var auglýst frá 10. apríl til og með 22.maí 2017. Eftirtaldi aðilar sendu athugasemdir: Lex lögmansstofa f.h. Guðmundar Odds Víðissonar eiganda Þrastargötu 7, dags. 17. maí 2017, ásamt fylgigögnum. Einnig er lagt fram bréf Þórunnar Óskarsdóttur, mótt. 22. ágúst 2017 og umsögn skipulagsfulltrúa dags. 28. ágúst 2017.

Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsafulltrúa dags. 28. ágúst 2017.

Vísað til borgarráðs.

Margrét Þormar verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Kirkjusandur, breyting á deiliskipulagi (01.34) Mál nr. SN170628  
420299-2069 ASK Arkitektar ehf., Geirsgötu 9, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn ASK Arkitekta ehf., mótt. 23. ágúst 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir Kirkjusand. Breytingin nær í meginatriðum til staðsetningar og fjölda lóða fyrir djúpgáma. Útbúin er stærðartafla þar sem lóðir djúpgáma fá heiti, stærð og upplýsingar um hvaða íbúðarlóðum þeir tilheyra, samkvæmt uppdr. ASK Arkitekta ehf., dags. 22. ágúst 2017.

Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur umhverfis- og skipulagsráðs án staðfestingar borgarráðs.

Samþykkt að falla frá grenndarkynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2.ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Hafnarstræti 18, breyting á deiliskipulagi (01.140.3) Mál nr. SN170420  
431005-0690 P ARK teiknistofa sf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Ólafar Pálsdóttur, mótt. 18. maí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi Kvosarinnar vegna lóðarinnar nr. 18 við Hafnarstræti. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni sem felst í að lyfta núverandi húsi upp um 90 cm, byggja kjallara undir það og nýja viðbyggingu á 2. hæð. Þá fellst breytingin einnig í því að skúrar sem byggðir eru á baklód verði rifnir, samkvæmt uppdr. P ARK teiknistofu sf., dags. 12. maí 2017.

Frestað

Umhverfis og skipulagsráð óskar eftir hugmyndum uppbyggjenda / arkitekta um útlit og áherslur á bakbyggingar á lóðinni við Hafnarstræti 18. Um er að ræða viðkvæmalóð á mikilvægum stað í borginni og því mikilvægt að kynntar séu ásýndir og útfærslur á nýbyggingu á þessari lóð.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Smiðjustígur 10 og Klapparstígur 16, (01.151.5) Mál nr. SN170229  
breyting á deiliskipulagi  
101069-5249 Davíð Kristján Chatham Pitt, Skildinganes 11, 101 Reykjavík

Lögð fram umsókn Davíðs Pitt, dags. 14. mars 2017, um breytingu á deiliskipulagi reits 1.151.5 vegna lóða nr. 10 við Smiðjustíg og 16 við Klapparstíg skv. uppdrætti, dags. 20. febrúar 2017. Húsbyggingar og lóðir við Smiðjustíg 10 og Klapparstíg 16 á reitnum eru í eigu sama aðila sem óskar nú eftir að byggingarreitur minnki á lóð Smiðjustígs 10 og stækki á lóð Klapparstígs 16. Hluti af samþykktu byggingarmagni á lóð Smiðjustíg 10 flyst yfir á lóðina að Klapparstíg 16. Jafnframt er óskað eftir leyfi til að húsbygging á lóð Smiðjustígur 10 verði rifin. Einnig er lögð fram greinargerð hönnuðar, dags. 10. mars 2017, ásamt áliti Minjastofnunar Íslands, dags. 31. ágúst 2016.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

Borghildur Sölvey Sturludóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

8. Jöklael 21-23, breyting á deiliskipulagi (04.975.3) Mál nr. SN170321

250164-2039 Nijolé Ambrulaite, Jöklael 21, 109 Reykjavík  
041051-4509 Ágúst Þórðarson, Hólmvað 46, 110 Reykjavík  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Ágústs Þórðarsonar, mótt. 31. mars 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 21-23 við Jöklael. Í breytingunni felst að stækka lóð og fjölga bílgeymslum um eina, samkvæmt uppd. Ágústs Þórðarsonar, dags. 8. júní 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2017 til og með 7. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Jón Bogason og Þórhildur Una Stefánsdóttir, dags. 6. júlí 2017, Zuilma Gabriela Sigurðardóttir, dags. 1. ágúst 2017 og Jakobína Rut Daníelsdóttir, dags. 7. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 25. ágúst 2017.

Samþykkt með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

9. Klapparstígur 29, breyting á skilmálum (01.172.0) Mál nr. SN170536  
deiliskipulags Brynjureits  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf., Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
520117-0670 KS 29 ehf., Hlíðasmára 4, 201 Kópavogur  
Að lokinni grenndarkynningu er lögð fram að nýju umsókn Yrki arkitekta ehf., dags. 27. júní 2017, varðandi breytingu á skilmálum deiliskipulags Brynjureits vegna lóðar nr. 29 við Klapparstíg. Í breytingunni felst að heimilað er að hafa veitingastað í flokki II á jarðhæð Klapparstígs 29, samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf., dags. 27. júní 2017. Tillagan var grenndarkynnt frá 10. júlí 2017 til og með 7. ágúst 2017. Eftirtaldir aðilar sendu athugasemdir: Sigurður Örn Hilmarsson f.h. Klapparhorns ehf. og Réttar - Adalsteinsson & Partners ehf., dags. 4. ágúst 2017. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2017.  
Samþykkt með þeim breytingum sem fram koma í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2017.  
Vísað til borgarráðs.  
Sverrir Bollason situr hjá við afgreiðslu málsins.

Halldóra Hrólfsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (B) Byggingarmál

10. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423  
fundargerðir  
Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð,  
afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 938 frá 29. ágúst 2017.

### (C) Fyrirspurnir

11. Hallarmúli 2, (fsp) breyting á (01.261.1) Mál nr. SN170589  
deiliskipulagi  
560997-3109 Yrki arkitektar ehf, Hverfisgötu 76, 101 Reykjavík  
Lögð fram fyrirspurn Yrki arkitekta ehf., mótt. 31. júlí 2017, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2 við Hallarmúla sem felst í aukningu á byggingarmagni lóðarinnar, samkvæmt tillögu Yrki arkitekta ehf., ódags. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.  
Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017 samþykkt.

Lilja Grétarsdóttir verkefnisstjóri tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

### (E) Umhverfis- og samgöngumál

12. Sóltún, gangbraut Mál nr. US170241

Lögð fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur dags. 28. ágúst 2017 þar sem lagt er til að sett verði gangbraut yfir Sóltún, við Sóltún 1-3, með vísan til 81. gr. umferðarlaga.

Samþykkt með fyrirvara um samþykki lögreglustjóra höfuðborgarsvæðisins sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

13. Miðborgin, hjólastæði, kynning Mál nr. US130225  
Lagðar eru fram tillögur umhverfis- og skipulagssviðs, samgöngur, að nýjum hjólastæðum í miðborginni og á Kjalarnesi. Tillögurnar eru í samræmi við hjóltreifaáætlun Reykjavíkurborgar.  
Lagt er til að fjölga hjólastæðum um 14, á 12 staðsetningum.  
Tillögur að nýjum hjólastæðum eru eftirfarandi:  
Austurstræti 17 - 2 stæði, Austurstræti 12, Hafnarstræti/Veltusund, Bankastræti, Vestan við Kolaport 2 stæði, Hverfisgata/Arnarhóll, Laugavegur 10, Óðinstorg, Laugavegur við Kjörgarð, Káratorg, Laugavegur 77 og Esjuskáli Kjalarnesi.  
Frestað.

#### (D) Ýmis mál

14. Kjalarnes, Hof, deiliskipulag Mál nr. SN160598  
500299-2319 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11, 101 Reykjavík

Lagt fram bréf Skipulagsstofnunar, dags. 11. ágúst 2017, þar sem stofnunin getur ekki tekið afstöðu til efnis deiliskipulagsins þar sem ekki liggur fyrir umsögn Vegagerðarinnar vegna tengingar umrædds svæðis við Vesturlandsveg. Jafnframt er bent á að lagfæra gögn þannig að afmörkun byggingarreits sé í samræmi við fyrirhugað umfang bygginga þannig að minjar verði staðsettar utan hans og gera þarf grein fyrir aðkomu að deiliskipulagssvæðinu frá stígum ofar í hlíðinni.  
Frestað.

15. Fyrirspurn fulltrúar Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US170250  
úttekt á ástandi skólahúsnæðis.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Halldór Halldórsson og Herdís Þorvaldsdóttir óska eftir upplýsingum um hvort fram hefur farið óháð úttekt á ástandi skólahúsnæðis Reykjavíkurborgar í ljósi þeirrar stöðu sem komin er upp varðandi myglu í skólahúsnæði í nágrannasveitarfélögum okkar.  
Frestað

16. Vettvangsferð 2017, Mál nr. US170244

Vettvangsferð umhverfis- og skipulagsráðs Reykjavíkur um austurhluta borgarinnar að loknum fundi.

#### Fundi slitið kl. 11.30

Hjálmar Sveinsson

Magnea Guðmundsdóttir  
Herdís Anna Þorvaldsdóttir  
Guðfinna Jón. Guðmundsdóttir

Sverrir Bollason  
Halldór Halldórsson

## Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. samþykkt nr. 161/2005

Árið 2017, þriðjudaginn 29. ágúst, kl. 10.12 hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 938. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Sigrún Reynisdóttir, Nikulás Úlfar Másson, Olga Hrund Sverrisdóttir, Erna Hrönn Geirsdóttir, Óskar Torfi Þorvaldsson, Jón Hafberg Björnsson og Sigríður Maack. Fundarritari var Erna Hrönn Geirsdóttir

### Þetta gerðist:

#### Nýjar/br. fasteignir

- 1. Akrasel 8** (04.943.101) 113013 Mál nr. BN053147  
210570-4979 Sveinn Jónsson, Akrasel 8, 109 Reykjavík  
150650-4969 Ólafía Sveinsdóttir, Akrasel 8, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast m.a. í að stigi milli hæða hefur verið fjarlægður og útgrafið sökkulrými tekið í notkun í húsi á lóð nr. 8 við Akrasel.  
Stækkun A-rými 67,1 ferm., 164,4 rúmm.  
Bréf hönnuðar dags. 30.06.2017 fylgir erindi.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrðaraðilar.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Skilyrt er að eignaskiptayfirlýsingu vegna breytinga í húsinu sé þinglýst til þess að samþykktin öðlist gildi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- 2. Asparfell 2-12** (04.681.001) 112291 Mál nr. BN053206  
021265-4629 Hjálmar Guðmundsson, Klettagata 6, 220 Hafnarfjörður  
Sótt er um leyfi til að fjarlægja burðarvegg í íbúð 0801 í húsi á lóð nr. 8 við Æsufell.  
Umsögn burðarþolshönnuðar dags. 14.06.2017 fylgir erindi ásamt samþykki stjórnar húsfélags dags. 11.07.2017.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
- 3. Álfheimar 74** (01.434.301) 105290 Mál nr. BN053444  
430487-2139 Húsfélagið Glæsibæ, Pósthólf 8940, 128 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að klæða að utan eldri hluta Glæsibæjar, mhl.01, en búið er að sækja um og klæða aðra hluta í hans, á lóð nr. 74 við Álfheima.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
- 4. Ármúli 3** (01.261.201) 103506 Mál nr. BN052463  
691206-4750 LF2 ehf., Álfheimum 74, 104 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN0050571, m.a. breyta stiga á 4. og 5. hæð, gera verönd og byggja útigeymslu við suðurgafli og breytingar á innra skipulagi kjallara í verslunar- og skrifstofuhúsi á lóð nr. 3 við Ármúla.

Stækkun: 38,5 ferm., 21,1 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

5. **Ásvallagata 48** (01.139.118) 100763 Mál nr.  
BN053008

660504-2060 Plúsarkitektar ehf, Fiskislóð 31, 101 Reykjavík

670812-0810 Almenna C slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að rífa einbýlishús og byggja steinsteypt fjölbýlishús með fjórum íbúðum á lóð nr. 48 við Ásvallagötu.

Stærð: 656,2 ferm., 1.806,7 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

6. **Bolholt 6-8** (01.251.203) 103441 Mál nr.  
BN053410

690304-2010 Hult ehf, Pósthólf 1399, 121 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að leiðrétta/breyta skráningu mhl.01 og mhl.02 í húsi á lóð nr. 6-8 við Bolholt.

Gjald kr. 11.000

Frestað.

Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

7. **Borgartún 28** (01.230.101) 102912 Mál nr.  
BN053158

690612-0970 HEK ehf., Strandgötu 11, 220 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050166, m.a. gluggar á jarðhæð breytast, efsta hæð verður klædd áli og flísúsum í stað timburs, gólf hjólageymslu í kjallara er hækkað og skábraut í bílakjallara verður ekki steipt heldur malbikuð í nýbyggingu á lóð nr. 28A við Borgartún.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.

Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.

Sérstakt samráð skal haft við yfirverkfræðing byggingarfulltrúa vegna jarðvinnu.

Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

8. **Dragháls 18-26** (04.304.304) 111022 Mál nr.  
BN053164  
480714-2100 Lóuþing ehf., Stórhöfða 34-40, 110 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að stækka viðbyggingu, sbr. erindi BN050004 og BN052369, við hús á lóð nr. 18-26 við Dragháls.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 18. ágúst 2017 fylgir erindinu.  
Stækkun: 319,7 ferm., 2.028,7 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
9. **Döllugata 3** (05.113.602) 214838 Mál nr.  
BN053218  
240981-5809 Sigurbjörn I Guðmundsson, Kristnibraut 6, 113 Reykjavík  
050380-3359 Raket Björk Gunnarsdóttir, Kristnibraut 6, 113 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á tveimur hæðum á lóð nr. 3 við Döllugötu.  
Samþykki um frágang á lóðamörkum að Döllugötu 5 dags. 27.07.2017 fylgir erindi ásamt bréfi hönnuðar dags. 25.07.2017  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2017 fylgir erindinu.  
Stærðir:  
A-rými 330,2 ferm., 1.192,6 rúmm.  
B-rými x ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
10. **Efstaleiti 4** (01.745.301) 224637 Mál nr.  
BN053226  
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja 2 fjölbýlishús, mhl. 01 og 04, með alls 78 íbúðum á lóð nr. 4 við Efstaleiti.  
Stærðir:  
Mhl. 01 A-rými x ferm., x rúmm. B-rými x ferm., x rúmm.  
Mhl. 04 A-rými x ferm., x rúmm. B-rými x ferm., x rúmm.  
Erindi fylgja varmatapsútreikningar dags. 25.08.2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
11. **Efstaleiti 4** (01.745.301) 224637 Mál nr.  
BN053223  
681015-5150 Skuggi 4 ehf., Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til að byggja 2 fjölbýlishús, mhl. 02 og 03 með alls 50 íbúðum, ásamt bílajakjallara, mhl. 05 með 82 bílastæðum, á lóð nr. 4 við Efstaleiti.  
Stærðir:  
Mhl. 02 A-rými 2.988,9 ferm., 9.502,5 rúmm. B-rými 124,6 ferm., 361,3 rúmm.  
Mhl. 03 A-rými 1.231,2 ferm., 3.962,6 rúmm. B-rými 33,9 ferm., x rúmm.  
Mhl. 05 A-rými 2.876,0 ferm., 8.729,7 rúmm. B-rými x ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

**12. Eggertsgata 2-34**

(01.634.-99) 106682

Mál nr.

BN053096

540169-6249 Félagsstofnun stúdenta, Háskólatorgi Sæmundar, 101 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að sameina mhl. 17, 18 og 19 í einn mhl. sem verður að mhl. 17 og breyta 8 íbúðum í leikskóladeildir, byggja við til að tengja þau saman og breyta skipulagi í eldhúsi og kaffistofu starfsmanna á leikskóladeild í húsunum nr. 30, 32 og 34 á lóð nr. 2 -34 við Eggertsgötu.

Hljóðvistargreinargerð dags. 14.06.2017 fylgir.

Bréf frá hönnuði dags. 11. júlí 2017 fylgir.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 7. júlí 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 7. júlí 2017.

Stækkun hús er: 229,6 ferm., 701,3 rúmm.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

**13. Eiríksgata 17**

(01.195.214) 102606

Mál nr.

BN052612

610613-1520 Almenna E slhf., Garðastræti 37, 101 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að setja svalir á íbúðir 0101 og 0201 á austurhlið og á íbúð 0301, sem er þakhæð, á norðurhlið, ásamt því að breyta notkunarflokki í flokk 4 og notkun í gististað í flokki II í húsi á lóð nr. 17 við Eiríksgötu.

Jafnframt er erindi BN049684 sem er nýlega samþykkt dregið til baka.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 31. mars 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 31. mars 2017. Bréf frá hönnuði dags. 3. maí 2017 fylgir erindi.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2017 fylgir erindinu. Erindið var grenndarkynnt frá 20. júlí 2017 til og með 17. ágúst 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Eiríksgötu 15, 19, Leifsgötu 10, 12, 14 og 16. Engar athugasemdir bárust.

Gjald kr. 11.000

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

**14. Flókagata 58**

(01.270.103) 103565

Mál nr.

BN051857

141168-5929 Sigurður Arnljótsson, Flókagata 58, 105 Reykjavík

301063-6369 Guðrún Gauksdóttir, Flókagata 58, 105 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að stækka svalir á suðurhlið 1. og 2. hæðar og koma fyrir nýjum svölum á rishæð á húsi á lóð nr. 58 við Flókagötu.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.

Gjald kr. 10.100

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 25. ágúst 2017.



15. **Fossaleyfir 1** (02.456.101) 190899 Mál nr.  
BN053440  
521009-2170 Knatthöllin ehf., Hagasmára 1, 201 Kópavogur  
Sótt er um breytingar á erindi BN052523 sem felast í því að byggð er 380 ferm. viðbygging við norðurhlíð áfanga 6 ásamt 100 ferm. tæknirými á 2. hæð, nýr inngangur gerður á tengigang og íþróttasalur hannaður fyrir 2500 manna samkomur auk þess sem stálburðarvirki þaks í sal er breytt í íþróttahúsinu Egilshöll á lóð nr. 1 við Fossaleyfir.  
Stækkun A-rými x ferm., x rúmm.  
Erindi fylgja greinargerð um brunahönnun dags. ágúst 2017, minnispunktur brunahönnuðar varðandi tækifærisskemmtanir dags. 22.08.2017 og bréf hönnuðar dags. 22.08.2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
16. **Grensásvegur 12** (01.295.406) 103853 Mál nr.  
BN051009  
480514-0680 Leiguafli slhf., Borgartúni 28, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja inndregna hæð ofan á, svalir á bakhlið og innréttar 24 íbúðir á 2. 3. og 4. hæð húss á lóð nr. 12 við Grensásveg.  
Jafnframt er erindi BN048915 dregið til baka.  
Erindi fylgir samþykki meðlóðarhafa áritað á uppdrátt dags. 28. desember 2016, greinargerð um algilda hönnun dags. 26. júlí 2017 og útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. júlí 2017.  
Erindi var grenndarkynnt frá 19. júní til og með 17. júlí 2017 fyrir hagsmunaaðilum að Grensásvegi 3, 5, 7, 9, 10, 12A og 14 og Síðumúla 31, 33 og 35.  
Engar athugasemdir bárust.  
Stækkun: 558,3 ferm., 1.863,4 rúmm.  
Gjald kr. 10.100 + 11.000 + 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Frágangur á lóðamörkum verði gerður í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.  
Með vísan til samþykktar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. maí 2013, skal lóðarhafi, í samráði við byggingarfulltrúa, setja upp skilti til kynningar á fyrirhuguðum framkvæmdum á byggingarstað.  
Í samræmi við samþykkt umhverfis- og skipulagsráðs dags. 9. október 2013 skal vélknúinn þvottabúnaður vera til staðar á byggingarlóð sem tryggir að vörubílar og aðrar þungavinnuvélar verði þrífir áður en þær yfirgefa byggingarstað. Samráð skal haft við byggingarfulltrúa um staðsetningu búnaðarins.  
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verður þinglýst eigi síðar en við fókheldi.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
17. **Gufunes Áburðarverksmiðja** (02.220.001) 108955 Mál nr.  
BN053257  
441116-2090 GN Studios ehf., Laugavegi 176, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta kvikmyndaver í gömlu Áburðarverksmiðjunni, mhl. 47 á lóðinni Gufunes Áburðarverksmiðja.  
Erindi fylgir brunahönnun frá Eflu dags. 18. júlí 2017.  
Stækkun, milligólf: xx ferm., xx rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.

18. **Hverafold 49-49A** (02.866.004) 110280 Mál nr.  
BN053104  
210651-3579 Ingibjörg H Harðardóttir, Hverafold 49, 112 Reykjavík  
170949-4559 Brynja Harðardóttir, Hverafold 49, 112 Reykjavík  
Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum á útliti og innra fyrirkomulagi og skiptingu eigna 0201 og 0202 vegna gerðar eignaskiptayfirlýsingar í húsi á lóð nr. 49 við Hverafold.  
Stækkun: A-rými 101,0 ferm., x rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
19. **Hverfisgata 98** (01.174.101) 101579 Mál nr.  
BN053134  
620416-0370 Cookisland ehf., Skipholti 50d, 105 Reykjavík  
490505-1210 Sólland ehf., Hrauntungu 9, 200 Kópavogur  
Sótt er um leyfi til innréttu kaffihús í flokki I á jarðhæð fyrir 15 gesti í húsi nr. 98 við Hverfisgötu.  
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 25. ágúst 2017 fylgir erindinu, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 22. ágúst 2017.  
Bréf frá hönnuði dags. 24. ágúst 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Askilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
20. **Jónsgeisli 27** (04.113.509) 189825 Mál nr.  
BN053237  
270682-5029 Magnús Hafliðason, Jónsgeisli 27, 113 Reykjavík  
240686-2609 Marit Davíðsdóttir, Jónsgeisli 27, 113 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir áður gerðum breytingum, breyttu innra skipulagi og stoðvegg á vesturhlið og til að steypa nýjan stoðvegg, útbúa útigeymslu með verönd á þaki vestan húss og koma fyrir setlaug í norðausturhluta lóðar nr. 27 við Jónsgeisla.  
Erindi fylgir samþykki lóðarhafa Jónsgeisla 11, 13, 15 og 25 dags. 14. júlí 2017.  
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. júní 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
21. **Klettháls 1A** (04.342.802) 188526 Mál nr.  
BN053392  
470297-2719 Frumherji hf., Þarabakka 3, 109 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á milli mátlína 6 til 11, m.a. koma fyrir fjórum nýjum innkeyrsluhurðum á suðurhlið og tveimur á norðurhlið, byggja opið geymsluloft og útbúa skoðunargryfju í húsi á lóð nr. 1A við Klettháls.  
Stækkun, milliloft: 41,4 ferm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
22. **Kringlan 4-12** (01.721.001) 107287 Mál nr.  
BN053441  
690310-0900 Reitir VII ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi einingar 282 á 1. og 2. hæð Kringlunnar á lóð nr. 4-12 við Kringluna.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. **Langagerði 128** (01.833.113) 108593 Mál nr.  
BN053383  
090576-4109 Þórey Ólöf Gylfadóttir, Langagerði 128, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypta viðbyggingu við austurgafli og stækka anddyri á einbýlishúsi á lóð nr. 128 við Langagerði.  
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. júní 2017.  
Stækkun: 77,88 ferm., 216,25 rúmm.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til ákvörðunar um grenndarkynningu.  
Vísað til uppráttu A1, A2 dags. 17. ágúst 2017.
24. **Laugavegur 27** (01.172.009) 101431 Mál nr.  
BN052198  
460510-1390 Vietnam Restaurant ehf, Suðurlandsbraut 6, 108 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að innrétta starfsmannaáðstöðu í bakhúsi (mhl. 04-0103) og breyta kaffihúsi (flokkur II, teg. e; kaffihús) í veitingahús í flokki II, teg. a; veitingahús, í kjallara húss á lóð nr. 27 við Laugaveg.  
Erindi fylgir bréf með skýringum hönnuðar og minnisblað frá Raf ehf. um virkni ósontækja dags. 5. febrúar 2017.  
Gjald kr. 10.100  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.7 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
25. **Laugavegur 42** (01.172.223) 101478 Mál nr.  
BN053423  
611096-2599 Húsfélagið Laugavegi 42, Pósthólf 82, 121 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta tveimur skrifstofurýmum á 2. hæð í tvær íbúðir sem reknar verða sem gististaður í flokki II - tegund g og ennfremur breyta íbúðum á 3. og 4. hæð í gististað í sama flokki og tegund ásamt því að byggja svalir á 3. hæð, bæta brunavarnir og endurnýja handrið, í húsi á lóð nr. 42 við Laugaveg.  
Samþykki eigenda dags. 20.02.2017 fylgir erindi ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19.05.2017 við fyrirspurn SN170351 og umsögn Minjastofnunar dags. 13.07.2017.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.  
Vísað til athugasemda á umsóknarblaði.
26. **Laugavegur 59** (01.173.019) 101506 Mál nr.  
BN053249  
550570-0259 Vesturgarður ehf., Laugavegi 59, 101 Reykjavík  
Sótt er um samþykki fyrir breytingum sem gerðar hafa verið á byggingartíma v/lokaúttektar á erindi BN051424, innréttaður hefur verið loftræsiklefi í kjallara, hjóla- og vagnageymsla minnkuð og bílastæðabókhalda breytt í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr 59 við Laugaveg.  
Gjald kr. 11.000  
Frestað.

Lagfæra skráningu.

27. **Laugavegur 71** (01.174.024) 101571 Mál nr.  
BN053235  
460715-0320 Fiskistígur ehf., Borgartúni 29, 105 Reykjavík  
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi á 2. - 4. hæð, byggja svalir á norðurhlið 2. hæðar og innrétta gististað í flokki II, teg. íbúð með 8 gistieiningum fyrir 20 gesti í húsi á lóð nr. 71 við Laugaveg.  
Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 27. janúar 2017.  
Gjald kr. 11.000  
Samþykkt.  
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.  
